

Fundur nr. 65 í Hafnarstjórn haldinn í Ráðhúsinu fimmtudaginn 22. desember 2011 kl: 10:00

Mættir voru: Alex Páll Ólafsson, Hrannar Pétursson, Páll Guðmundsson, Guðmundur Kolbeinn Björnsson, Valentínus Guðnason og Gyða Steinsdóttir hafnarstjóri.

Dagskrá:

1. Umhverfisstefna hafna
Erindi Hafnasambands Íslands lagt fram. Stykkishólsmhöfn er þegar með umhverfisstefnu.
2. Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa frá skipum
Erindi framlagt. Hafnarverði falið að vinna áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa frá skipum fyrir 15. mars 2012.
3. Aðstaða fyrir ferðapjónustuaðila
Hafnarstjórn leggur til að fyrirtækinu Ocean safari sem sótt hefur um aðstöðu fyrir ferðapjónustu á hafnarsvæðinu verði veitt aðstaða við Olíubryggju. Einnig leggur Hafnarstjórn til að félagið fái stöðuleyfi fyrir gáma á Stykkisbryggju.
4. Flotbryggja á svæði siglingaklúbbs
Rætt var um ástand flotbryggju sem siglingaklúbburinn er með aðstöðu á. Stefnt er á að taka hana upp eftir áramót til að meta ástand hennar.
5. Framkvæmdir 2012
Gert er ráð fyrir byggingu vatnshúss við Skipavíkurhöfn á árinu 2012.
6. Öryggisgæsla á hafnarsvæði
Framlagt tilboð um öryggisgæslu á hafnarsvæði. Hafnarstjóra og hafnarverði er falið að ræða við forsvarsmenn Vökusturs um öryggisgæslu hafnarsvæðisins. Hafnarstjórn leggur til að gjaldskrá hafnar verði hækkuð til að standa straum vegna kostnaðar við gæslu. Hafnarstjórn leggur einnig til að skoðaðir verði möguleikar á að setja upp öryggismyndavél á hafnarsvæðinu.
7. Önnur mál
Rætt var um kerrur og báta á hafnarsvæði við Skipavík. Hafnarstjórn leggur til að reglur verði gerðar um geymslu báta og kerra á hafnarsvæði Skipavíkur og í Maðkavík og gjaldskrá verði sett upp um stöðugjöld á hafnarsvæðinu.

Fundi slitið kl. 11:45

Alex Páll Ólafsson (sign),
Guðmundur Kolbeinn Björnsson (sign),
Gyða Steinsdóttir (sign),

Páll Guðmundsson (sign),
Valentínus Guðnason (sign),
Hrannar Pétursson (sign).